

HEIMIR



IV. árgangur

WINNIPEG, 1907.

6. blað.

Sólhvörf.

Til bróður minn, er misti 2 dætur sínar í einu.

ER húmslæðum tjaldar in heiða nótt,
og hrímþekur skóg og eng,
og alt er í lofti og hauðri hljótt, —
þá hreyfi ég skjálfandi gígjustreng.

En kynlegar raddir úr rökkurheim
þá renna í strengjaklið —:
sem hljóðölduútfall úr huliðsgeim
af haustvinda skógþyt og fossanið.

Og skammdegisrökkur og hrímkalt haust
í huga minn gægjast inn.
Og þá er sem fatist mér rím og raust,
er róm þeirra inst mér við hjarta eg finn.

En hvað mun því valda, að hljótt er nú
og haustlegt um stefin mín?
Hvað? Svipir hins liðna, — og síðast þú
með sölnuð hin dýrustu blómin þín.


Og nú, er eg hugsa um harm þinn leynt,
þá hrynja mér tár af brá,—
því eg skil það vel,— hefi einnig reynt,
að elska og missa og sakna' og þrá.

Sumt aftur eg vann, sem var af mér dæmt,
svo ábati' er skaða jafn.
En það, sem á aldrei afturkvæmt,
nú auðgar mitt helgasta minjasafn.

Eg veit að þín æfi er eyðileg,
og alstaðar skugga' á ber.
En jafnt því, sem fækkar um farinn veg,
því fegri þinn minningaheimur er.

Þótt grafir oss fyrnist og gleymist tár,
samt gneistar úr földum eld,—
því minningin vakir um öld og ár,
og ómar oss ljúfast ið hinsta kveld.

Viðar.



Þorsteinn Erlingsson.

Ræða, flutt á fundi Menningarfélagsins 2. apríl 1907.

Er vér lítum til þjóðar vorrar, eru skáld vor flestöll, á hverju aldarbili, náskyld og samróma í orðum og kenningum. Þau tilheyra flestöll sama skóla yfir hvert bókmentatímabil. Hvort það er af því, að vér erum svo fátæk og fámenn þjóð, eða það er af því hinn andlegi smekkur vor allra er svo líkur, að aðeins þessi eina kenning er oss við hæfi, er ervitt um að segja. Alstaðar fer þó ekki andleg og efnaleg fátækt saman.

Eða það er með skáld eins og aðra leiðtoga þjóðarinnar, að það eru helzt engir færir til að brjóta nýjar brautir, finna nýtt vað á héraðsvötnum vanans, en eftir að það er af hendingu fundið, þá eru ótal margir, er riðið geta yfir um eða rekið lestir, því vér Íslendingar erum frægustu reiðmenn, svo sem Grímur vitnar? Framförin og menningarviðleitnin verður því altaf mjög einhliða, vöðin verða ekki mörg, fyrstu brautleggjendurnir fáir, hóparnir aftur fjölmennari og fara mikinn. Kraftarnir skiftast ekki í sundur, þótt í lands og félagsmálum sé oft töluverðar róstur. Það ber til af því að mönnum semur ekki um það, hver beri bezt kensl á króka brautarinnar — eftir hverjum hópurinn rekist bezt. Brautin er sú sama. Af þessu virðist stundum eins og deilan sé um mismunandi slóðir, er önnur liggja til fjalls en hin til fjöru. En það er ekki, þegar málið er brotið til mergjar. „Íslendingar viljum vér allir vera“, ríða í hóp, elskulegir bræður, eftir lögðum leiðum. Þrátt flokksforingjanna—baráttan mikla— er „Eldgamla Ísafoldin“ hans Ærutobba:

„Veit eg víst hvar vaðið er,
 en vil þó ekki segja þér.
 Fram af eyrar oddanum,
 undan svarta bakkanum.

Það er ekki óáþekkt þessu með skáldin.

Það kveða við raddir í hverjum hól, þrestirnir eru margir
 og „nefin litlu liðug og víð.“

En flestar eru raddirnar bergmál og allar með sama lagi.

Skáldin íslenzku segja oss, að eins sé oss vant . . . „Eins er yður vant! . . . *Eins er yður vant!* . . . **Eins er yður vant!** . . . Líkir eruð þér súrdeigi, er kona tók og fól í 3 mælum mjöls. — Líkir eru þér súrmjólkurkollu, er kona nokkur fól í lundabagga og svið. Þér elskið ekki nóg trúna og landið.“ Maður ætti ekki að spyrja, hvort er meira vert „fórinn eður altarið, sem fórinna helgar?“ Hvort er meira vert landið, eða landsins börn er gjöra það að lifandi manna bústað?— Þeim, sem mikið elska mun mikið fyrirgefið verða— úr ríkissjóði.

Áherzlumunur finst þó örlítill. Einn leggur áherzlu á, að lögð sé meiri rækt við ástina til guðs og trúna, og fylgir honum

höpur af sonum spánatnanna, er kona niður hadina með hörpur, bumbur, flautur og hljóðþúpur, og spá á þessi hljóðfari — í heila eða hálfá öld. Annar heitir á menn að elska meira landið, leggjast út eins og Nebíkadrezar, veina sér bæli upp við jökulrætur, láta sér nagga „nautgafa íðungrasíð“, eða eins og Magnúsi sálarháská munnavatn sitt og guðslössun. Á eiri í viku varð Magnús horfallinn og lystarlaus. Öldum saman hefir þessari fadu verið haldið að ess sem þjóð, og sá er kesturinn vænstur, að vér höfum ekki verið natvörð.

Á átjándu öld, að ekki sé farið lengra til baka, sjást þessa glögg skil. Jón á Bagisá syngur trú, endurlausn, þýðir „Paradísarmissir“ og „Messías“ — „hetjudiktur um endurlausnina“, yrkir sálma og andstreymisvísur. Það, sem ekki telst undir þessa flokka, eru hestavísur, drykkju og klámvísur hans, er tafast mega heita skáldskapur. Hvað margir hafa orkt um það sama síðan er ónauðsynlegt að minnst á. Eggert Ólafsson brýnir fyrir mönnum að elska landið. Þeir til vinstri handar hafa sungið það síðan.

Drögum svo þá frá, er bæði þessi mál hafa valið sér að yrkisefni síðan, og hvað verða þá skáldin mörg? Vér þurfum ekki Margs-konar-tölur til þess að reikna það saman.

Magnús Stephensen stendur á aldamótum — á vegamótum, og slær hvorutveggju saman. Landið er gott og trúin er góð, sé hún *skynsamlega* meðtekin. Helvíti og djöfull eiga ekkert erindi inn í sálma og sálir manna. Hvorttveggja stýrkar hann svo út og vill ekki heyra eitt orð um það, hversu menn kveljist:

„Með þungri svengd,
og leiðinlega
ljótu kvissi.“

En það var merkilega óvinsælt verk að „reka út“ á Íslandi, enda fanst skáldunum mikið um sneiðast með yrkisefni sín, er hvorttveggja var burt numið, og söknuðu þau þar vina í stað, eins og margar vísur þeirra bera með sér frá þeim tíma, og guldu þau Magnúsi úthýsing þá geypilega.

En 19. öldin var runnin og skynsemin aftur að komast nær sínum óðulum eftir siðabótarmyrkrið. — Á Íslandi myndar

træðsla og kenningar Magnúsar aldamóta brúna, er skoðanir manna ganga á frá landi rómustu hjátrúar yfir á upplýstari staði seinni tíða.

Í fyrstu bók jarðmælingafræði Euklids er eitt dæmið kallað á málfræðum skólastráka Assnabrúin (pons assinorum). Er það skoðað sem lykkillinn að ýmsu, er á eftir kemur. Í íslenskum skáldskap er Magnús „Assnabrúin“, er trúar surdið milli Siðabótavaldursins og nýrri tímans. Og eftir þeirri brú haltrar „skáldafákurinn“ yfir um (ósköp er það óskemtilega leiðinlegt orð þetta, „fákur“), baggasíður á báðar hliðar. Móti ættjarðarkvaðunum öðrumegin vega trúarljóðin hinumegin hryggjar. Hér megin Magnúsar byrjar svo söngurinn aftur, frjálfsari að vísu, fegurri og tilfinningadýpri,

„en ennþá er söngurinn sami
með sætum fugla róm.“

Sama efni, raktar sömu slóðir, að eins hér og hvar dokað við fram með veginum til gleggri athugana og til að stilla strengina næmar. Tilfinningin er búin að öðlast málið, tilfinningarnar allar, heilbrigðu og meiddu— en oftast tala þær meiddu, þær eiga svo mikinn harm að telja í hveis manns huga, — og það breytir yfirlit vors nútíðarskáldskapar. Dóna-trúarblarinn er að hverfa við dagsbirtu nýrrar aldar,— sá, er kemur fram í þessum andlega sálmsparti

„Ekki ferst þér að upphrokast
ösku og moldar þrekkur.
Andstygdar sæði áður varst,
en nú saurlífis sekkur.“

Sá æruverði, hálærði guðsmann sálugi séra Sigurður Jónsson, og Snorri frá Húsafelli eru dauðir!

Útúrdúrnir fram með veginum gjöra nútíðarskáldskap vorn ljúfari og margkennilegri, líkt og þegar fótur drepur við dys á fornkendum stað, og Barndómssagan rifjast upp og slítur þráðinn í Ferðasögunni. Hugurinn hvarflar þá frá yrkisefninu um stund til þeirra manna, er töluðu við okkur og voru með okkur á veginum.

Þrátt fyrir hina sýnilegu breytingu, eru þó yrkisefnin þau

sömu. Jónas og Bjarni syngja um landið, hafa kærleika guðs altaf fyrir augum, og bera lotningu í hjarta fyrir því, hversu hann hefir haldið hendi sinni yfir því og verndað sögustaðina. Björn Gunnlögsson kveður trúarlærdómsljóð — þá fegurstu alsherjar (kapólsku) trú, sem til er, er tekur út yfir takmörk mannkynsins alls, er sækir kenningar sínar til alverunnar sjálfrar og hefir alföður að ihugunarefni. Og nú á þessum síðustu tímum vitna þeir Valdimar og Matthías um þann boðskap. Steingrímur kveður enn um landið, þótt raddir tilfinninganna láti oft til sín heyra „munarviknandi“ í ljóðum hans, — raddir *meiddu tilfinninganna*, — er hann minnst samferðamannanna, og hversu hjarta hans brann á veginum, — eða þegar hann stígur í spor Gunnlaugs Illhugasonar og horfir heim að Borg og les orð Ógæfunnar í sögum Íslendinga. „Þetta eru synir mínir elskulegir, á hverjum eg hefi velþóknan.“

Allur fjöldi íslenzkra hagyrðinga og skálda hafa tekið í þessa sömu strengi.

„Hafa þeir söngnum svása
samtaka sporðalag.“

Þó er hér undantekning, og einn skáldanna, er hefir búið sér til sína eigin braut, enda kveður þar og við annað lag. — Strengjahljóð hans er hreimur úr horfnum heimi, heimi, er óðum fjarlægist, inn í alsvarta nótt, vorri nútíðar þjóð. Úr fjarska efstu ára 19. aldarinnar horfir hann af tímans strönd á fyrstu upptök norrænu sögunnar — til *mannanna þá* — og með undarlegum heiðlanda hreim nær strengjatökum Heimis, svo gleði og sorgar lag þeirrar fornu aldar kveður við um gjörvöll Norðurlönd. Kenning hans er sagan. Sagan, við upptök þjóðflutningabrautarinnar miklu, við fall Rómaborgar fyrir Gotum, flóttu Áslaugar og Heimis, baráttu Borgunda og Franka, afl, afburði, ágæti hinna útvöldu norrænu þjóða.

Sagnameistarar ýmsir draga saman dóm þann, er þeir leggja í sögu, í eina málsgrein. Séu þeir fornfræðingar byrja þeir og enda sögu sína á því: „Rómverjar sigruðu heiminn!“ Séu þeir guðfræðingar: „Kristindómurinn hefir sigrað heiminn!“ En skáldið á hér sína kreddu fyrir sig, og hann er hér alls ekki sleg-

inn af laginu með þessum samhljóða vitnisburði. „*Norraunar þjóðir sigrudu heiminn.*“ Og hann ber vitnisburð sögunnar fyrir því. *Maundómurinn sigrar heiminn, og ekki nokkur skapadur hlutur annar milli himins og jarðar.* Kenning hans er „*sjálfsbjörg*“— hvergi að láni fengin — er ber alt að velli heilum höndum og hraustu hjarta. Það er frelsisboðskapur Íslands.

Dr. *Grímur Thomsen* fer einförum í íslenskum skáldskap, þó er annar á ferð honum ekki allfjarri, en það er ráðherra vor *Hannes Hafsteinn*, og nokkuð tekur hann undir með sama lag. Íslenzkt veður á Kaldadal herðir menn til fornrar hreysti, gefur náttúrulögmálinu ráðrúm til þess, að „velja þá hæfustu“— „hermenn vorgróðurs Íslands“,

en lætur þá skjálfa

.... „og skammast sín,
er skjálfa vilja,— það er þeim gott.“

Hann er niðurskurðarmaður, og elur ótrú til fársjúkra leiðtoga og heimskunnar í prédikunarstólum landsins, er orsakar *hjartatitring* („páskasólarhopp“) þjóðarinnar og „hundanna spangól og margskonar trú.“

Stefna Gríms er algjör séreign íslenzks skáldskapar, en Hannesar á skildara við erlendar skoðanir. Þessir tveir fara hina einu algjörðu útúrleið í íslenzkri ljóðagjörð fram til þessa. Þeir stefna á vaðið, þar sem

„Jökulsá spinnur sitt jakatoga band.“

Þar hafa engir á undan þeim farið, það var ókönnuð leið, og—

... því er sú strönd heldur þegjandaleg,
þar heyrast ei kvikar raddir neinar,
því náttúran talar þar ein við sjálfan sig,
en sveina fæstir skilja hvað hún meinar.“

Komum vér þá að aðalumræðuefni voru í kvöld, hinu fyrsta og mesta nýstefnuskáldi þjóðar vorrar, *Þorsteini Erlingssyni*.— Hann er sá, er fyrstur hefir fundið fært og nýtt vað, og rutt sér algjörlega nýja braut í íslenzkum skáldskap á seinni tíð. En vaðið hans er „tæpasta vaðið“, og stendur mörgum ýmigustur af því, hvað ógætilega hann freistar forsjónarinnar, og hika sig

flestir við að fylgjast þar á eftir, einkum hinar yngri í álfu, hvað sem heima er. Jam!— „eigi leið þú oss í freistni“— það hafa þeir lært. „Guð freistar að sönnu einskis *mans*“, segir lærdómurinn,— en *hinna* freistar hann að verða að manni. Æi, nei! „Bættu mér heldur við prestsembattið, að eg fái einn bita brauðs að eta“—svo setur skáldið líka alt of stífa „skilmála“—:

„ ei ægja allra djöfla upphlaup að sjá,
og hverri tign að velli velt, sem veröldin á.

„ að hata herra þann, sem harðfjötrar þig,
og kúgar til að elska ekkert annað en sig.

En kaupir hrós af hræddum þrælum, hvar sem hann fer.

„ . . . Unna þeim sem heftur hlær og hristir sín bönd,
og vildi ekki krjúpa og kyssa kúgarans hönd.

„ . . . Lesa ekkert öfugt gegnum annara gler,

„ . . . og krækja ekki alla hlykki á almanna leið.“ o.s.frv.

Það er þetta um „glerið“.

Það er mikið búið að rita um Þorstein, sumt og flest virðurlegt í garð skáldsins. Þó man eg eftir fyrsta ritdóminum, er út kom hér vestra um bók hans, og ummælunum, er höfð voru um skáldið, sem næstum voru eins vitlaus og þau voru hlutdræg. Ritdómurinn bygðist á því, að ekkert gæti heitið skáldskapur, er ekki veldi „fögur yrkisefni“, og fögur yrkisefni voru þau, er eingöngu örfuðu lotningar og tilbeiðslu þrá mannsins. Boðskap ljóða hans var líkt við „dansandi beinagrind“, og minnir líkingar in oss á söguna um „The Flying Dutchman“. Bæði þá og síðar heyrði eg ýmsa, er ekki höfðu lesið Þorstein, dást að að ritdómi þessum, en einna mest þó að frumleika líkingarinnar. Hafa þeir hinir sömu líklega hvorki heyrt söguna af „The Flying Dutchman“ né lesið ritgjörð Björnstjerne Björnsonar, er birtist í Eimreiðinni um það leyti, þar sem hann líkir bókmentum um þjóðanna við skipastól og lætur hvert skáld sigla undir sínu kennitákni.

Frumleiki ritdómsins var ekki svo ýkja mikill nema í því, að lýta fram úr öllu viti það, sem örfáum gat blandast hugur um, að væri bæði fagurt og óviðjafnanlegt. En með ritdómi þessum talaði prestur í nafri kyrkjunnar, og er það geta vor.

að öðruvísi hefði honum mælst nú, hefði hann átt að segja álit sitt í fyrsta skifti um þá bók, ef að líkum má dæma.

En allmörg ár eru nú síðan það var. Ljóð Þorsteins hafa verið endurprentuð. Og nú ekki alls fyrir löngu kemur ritdómur um kvæðin og skáldið í Eimreiðinni — þessa nýju úgáfu—, er flesta mun nokkuð furða á. Ber mest til þess, fyrir þá skuld, að ritdómarinn, Sigurður Guðmundsson, hefir til þessa, í því er hann hefir ritað, virzt vera náskildur Þorsteini í flestum skoðunum, og hefði því átt að kunna með bók hans að fara og skilja öðrum betur, hvað skáldið segir. Því hann er alkunnur að frjálslyndi og bersögli. Er svo að sjá, sem ritd. hafi sést yfir með boðskap skáldsins, er hann fullyrðir, að vinsældir Þorst. stafi allar frá því, hve laglegur og ramíslenzkur rímari hann sé. Hann líkir honum við Sigurð Breiðlǫrð, og telur þá skyldasta allra. Annar er bóndamaður, hinn háskólamaður, að öðru leyti fellur andi þeirra að sömu sýnum.

Hver maður hlýtur að sjá, að hér er tvennu ruglað saman, efni og kveðanda. Ritd. telur Þorst. þann allra tilkomumesta *vísna*-höfund þessara tíma, eins og Sigurður var á sinni tíð. En svo er vísnakveðandinn ekkert nema búningur hinna ólíku hugmynda þessara tveggja skálda. Er það nokkuð hjá Sigurði, er stingur í stúf við skoðanir, hugsunarhátt og orðfæri aldarinnar hans? Eru nokkrar mannlífsskoðanir Sigurðar sama eðlis og Þorsteins? Er guðfræðin þeirra eins, kyrkjutrúin, konungstilbeiðslan? Hitt er annað mál, þótt Þorsteini renni til rifja meðferðin á Sigurði, og hann kveði hlýlega til hans. Oss finnst mikla fremur, að Þorsteinn sverji sig í ætt Halldórs Snorrasonar, þegar um kóngadýrðina er að ræða, hvert heldur vér lítum í „Vestmenn“, „Jörund“ eða „Ljónið gamla“. Hann er þó ólíkari Sigurði, þegar til mannfélagsmálanna almennu kemur. Oss finnst að „Eden“ Þorsteins Erlingssonar sé alt annað ríki en Morgunlönd 19. aldarinnar.

Að rekja skyldleika af búningi einum sömlum, er eitthvað ungbarnalegt. Sá maður á eftir að læra mikið í þessum heimi, sem ekki þekkir kónginn á öðru en buxunum og frakkanum,— svo vér notum Þorsteins orð,— og drotninguna á silkikjólum.

Margt er þó vel og vingjarnlega talað til skáldsins í ritdómi þessum. Þó er það tvísýnt að nokkur skilji þá athugasemd, að ýms kvæði skáldsins séu kveðin í of miklum hita (af of heitri sannfæringu?). Betur fer það, að sá vaki, er aðra ætlar að vekja, og fæstir trúa því, að nokkurt mál missi í við það, að það sé sannfæringarmál þess er flytur. Vér þekkjum engin þau orðatiltæki í kvæðunum „Á spítalanum“, eða „Vestmenn“, er hamli skilningi á efni þeirra kvæða, og mörgum mun finnast þau nógu skír, ef ekki um of.

Þá er athugasemdin um kvæðið „Vestmenn“ dálítið Evrópu-skotin, og kennir þar óhugar þess, er Evrópa, hin forna tígulega Evrópa! ber til Ameríku. Af því jafnrétti manna er ekki alfullkomið í Bandaríkjunum, og af því þar er maður, er Rockefeller heitir, þá er kvæðið ofkveðið og öfgafullt.

Hvaða skilning leggja menn í sögu í Khöfn? Háskólastudent, eins og þessi ritdómari að sjálfsögðu er, ætti þó að þekkjja það til sögu, og þá um leið að vita, að það voru fyrst Bandaríkjamenn, er gjörðu konungstilbeiðsluna að hlægilegu hneyksli í veraldarsögunni,— að Bandaríkjamenn voru þeir, er allra manna fyrst bæði sönnuðu og sýndu, að sú vörn konungdómsins, er drjúgust þótti á átjándu öldinni, að almúgafólk væri því ekki vaxið að stjórna sér sjálf, var lýgi og á engu bygd,— að Bandaríkjaþjóðin var sú fyrsta þjóð til að hrinda af sér þrældómsfjötrum harðstjórans—bróðurlegri kúgun Englendinga—og gjöra tilkall konungs, að ríkja fyrir „guðs náð“, að spotti,— og að stjórnarskrá Bandaríkjamanna er sú frjálslyndasta og fordomalausasta stjórnarskrá, er heimurinn hefir ennþá séð. Og þaðan flugu neistar, „er Evrópu hleyptu í loga“ með stjórnarbyltingunni frönsku, sem Frelsisstríð Bandaríkjamanna flýtti meir en nokkur maður er fær um að ákveða. Kyrkjulögin amerísku eru þau, sem nú eru að afnema ríkiskyrkjurnar í Evrópu, og amerísk þjóðfélagsskipun, sem er að gjöra stéttaskipunina—þetta eldgamla stærilætisgoð Norðurálfunnar,

„er guð öllu stóru til grundvallar skóp,
og gaf sínum trúaða lýði“

—að háðleik.

Það er því ekki ófyrirsynju, að

„Kóngurinn stritast þar kiknaður við,
og kófsveittur presturinn togar.“

Og það er alls ekki ofkveðið, að segja þetta, þó vér ekki nefnum nú síðast Frakkland og Róm.

Svo vildum vér benda ritdómaranum á, og mega gjarnan allir vita það, að enn, sem komið er, er engin þjóð í heiminum frjálsari, sælli né réttærri en Bandaríkjaþjóðin. Lengra er nú ekki komið framförunum í Norðurálfunni, þó bröstudlega sé látið.

Þá virðist ritd. athugavert, að öll náttúruljóð Þorsteins snúist að lokum að mannlífínu sjálfu. En liggur ekki orsökkin til þess í boðskap skáldsins? Hann er svo mjög á meðal manna, að hann gleymir því, að taka þátt í umbrotum jarðskorpunnar, en í þess stað er sjálfboði í mannkynsbaráttunni, leggur til hjálpar við liðsþurfann, hver sem hann er, og hvar sem hann er staddur, hvítan eða svartan, mann eða málleysingja. — Eða er ekki nóg komið af náttúru lýsingum, samtali „Nauts og lóu“, „Herðubreiðum“, „Eyjafjörðum“ o. s. frv., alt svo vel gjörðum sem slík kvæði eru, að ekki beri nauðsyn til, að vera alt af að kveða þau upp, alt af að blása á sama hálminn? Að voru leyti unum vér því vel, að sálarstríði og tilfinningum manna sé leyfð línu lengd í íslenskri ljóðagjörð.

Og það er einmitt í þessu efni, sem kenning og frumleiki skáldsins er innifalinn. Þorsteinn leggur leiðir sínar inn á vegu mannlífsins. Hann lifir með mönnum, gleðst með þeim, hryggist með þeim, þýðir þeirra instu tilfinningar, illar og góðar, talar máli þeirra fyrir dómstólum himna og jarðar. Vér minnumst þess ekki, að vér höfum nokkursstaðar orðið varir við Þ. einan á ferð. Finnum vér hann ekki meðal mannanna sona, þá finnum vér hann meðal mannanna dætra. Hann er aldrei þar, sem enginn fær séð hann nema guð einn.

Það er mannlífið, sem þarf lækninga við, en ekki hrukkur og líkamslýti „vorrar gömlu móður“, jarðarinnar. En til þess að lækna það, verður að taka fyrir upptök meinsemdanna. Og það er fyrst með því, að ávinna friðhelgi sálar og eðlistilfinn-

ingum mannsins,—þess fáta ka, umkomusnauða, undirokaða og auma. Ef tilfinningin er viðurkend, fær réttlætiskrafan betri áheyrn.

Þorsteinn þekkir allar ástríður manna. Og þeirra, sem turninn féll ofan á í Sílóam. Hann ber virðingu og hlýjan hug til allra mannglegra tilfinninga, og eins til hinnar eðlilegu syndar, og skammast sín ekki fyrir. Fleiri en hann geta sagt:

„Eg vissi hvað syndin á vel við mitt blóð,“
það eru ekki svo fáir, sem eru að þvo kyrtil sinn hreinan.

Börn slysa og óhamingju tekur hann í forsvar sitt, móti viðteknum siðum og siðameisturum, kyrkjum og kreddum, og ýtir þá oft ómjúkt við siðameisturunum, sérstaklega í kvæðinu „Eden“. Það kvæði á annars ekki sinn líka í íslenskum ljóðum. Sú fullkonnasta og fegursta háðmynd vestrænnar siðmenningar, sem almennu máli er kölluð „kristin siðmenning“. Manni dettur í hug „Outspoken Essays“ enska jafnréttismannsins, Belford Bax, eða „Samfundets Stötter“ Ibsens. Ekki þó svo að skilja, að Þorsteinn hafi nokkuð til þeirra sótt.

Myndirnar í „Eden“ eru svo skýrt dregnar, að maður sér ganga ljósum logum „sómamanninn“, kristinn vandlátara á yfirborðinu en trúlausan og siðlausan flagara á laun—þegar hann heldur að guð ekki sjái. Þeir eru alstaðar á ráfi í Eden, sem hafa lært,

„að skamma hvert opinbert hneyksli' eins og hund,
en halda við syndina' í leynum.“

„... En fjöldinn sem skreið og á leiðunum lág,
var lúinn af nautnum og ránum,
og fjörgamlir heiðursmenn flugust þar á
um förboðnu eplin á hnjánum.“ o. s. frv.

Þar eru og fleiri, mannvínir og leiðtogar. Enskurinn segir, að það þurfi allar sortir af fólki til að fullkomna sköpunarverkið. Og fallega er hún samantekin, pólitíska bænin móti óvinum.“

„... En vandhitt og skreipt er að fikra svo flátt,
að fjandmanna heift ekki saki.

Þó flest væri gleypt, sem var logið og látt,
var lifandi sleipt á því taki,
að finna hvað kleyft var að hafa yfir hátt,
og hverju yrði dreift út að baki.“

Margir hafa haldið fram frelsi, á Íslandi og víðar. Oftast hefir það verið verzlunarfrelsi, matarfrelsi og pólitískt frelsi. Þorsteinn er frelsisskáld. Hann ann pólitísku frelsi, en aðallega er það *síðmuna* frelsið. Þannig farast honum orð til sannleikans í kvæðinu „Brautin“.

„Eg trúi því sannleiki að sigurinn þinn
að síðustu vegina jafni;
og þér vinn eg konungur það sem eg vinn,“

Og í „Bókin mín“ er þetta.

„Mig langar að sá enga lýgi þar finni,
sem lokar að síðustu bókinni minni.“

Þorsteinn er skáld frelsisins, þess, að losa mannsandann úr öllum þrælakreppum.

Hann er skáld jafnréttisins, og finnur sárt til með öllu því sem lifir. Hann elskar lífið. Að lifa er það háleitasta hnoss, sem til er. Það ætti að vera hverjum manni fögnuður og gleði. Allir þrá líf, fuglinn, jurtin, maðurinn og dýrin. Ást hans á lífinu verður að mannúðartilfinningu, svo að hann aumkar sárt alla þá, sem þurfa að eyða þessum fáu dögum í volæði og tár-um. Hann vill að lífsþráin, sem hjá öllum er svo rík, verði þeim að hvöt til samhygðar og bræðralags, að mennirnir kvelji ekki hver úr öðrum lífið, og ekki heldur úr skepnum. Alt sem lifir á sameiginlega óvini. Þeir er hungur, dauði og sorg. Það síðalögmál, sem hann setur, er því það, að firra alla þessum óvinum. Kemur þetta fram í „Síðasta nóttin“, „Vetur“ og enn víðar. En þetta síðalögmál á ervitt uppdráttar, því það er annað síðalögmál, sem breytni fjöldans hvílir á,
„að gjöra hvert hneyksli eins og guðsríki“ í hag
og göfgandi síðprýðis anda.“

Það síðferðislögmál helgar hefð, vani, áragrú af trúar og laga-
setningum. Hugsjón skáldsins um hina „Hærri síðfræði“, lend-

ir því í mótsögn við „Lýðsiðfræðina“, er fyrir vana sakir mörg-
um finnst ekkert útásetningar veið, og virðist þá eins og skáld-
ið í árás og aðfinnslum sínum verði á stundum ósiðferðislegur.
Kemur það mest til af því, að „Lýðsiðfræðin“ dubbar alla upp-
gjörð sína og látalæti með nöfnum allra megindygdanna. —
Hérna eru þá sýnishorn þessara „dygða“.

Sálusorgun, ein hin helzta *orfóðoxa* dygd.

„En þá rakst eg einmitt á óboðinn gest,
svo ógnlítið truflaðist saga,
því hann hafði í sál mína færi sitt fest,
og fipaðist kannske ekki að draga,
því mér var sem stefnt á þann merkasta prest,
og mildi það varð ekki að бага;
en það hefi eg unað í armlögum verst
á æfinni nætur og daga.

Hann kvaðst vera ljós til að leiðbeina mér,
og lýsa um ókomnar stundir;
hann sagði þeir viltust á veginum hér,
sem vantaði leiðandi mundir;
úr loftinu hremdi þá hræfugla ger,
en höggormar leyndust um grundir,
og stumstaðar flughálku svell eins og gler,
en sjóðandi Helvítið undir.“

Hér er barnauppfræðslan, þar sem unglingurinn er grút-
fyltur með bulli og vitleysu um þetta líf og hið tilkomanda, og
margir munu kannast við frá yngri árum. Og afleiðingin er
náttúrlega sú, að barnið trúir öllum vömmum og skömmum
upp á sjálft sig og grætur yfir synd og sekt.

„Og endirinn varð að eg eins og hann sá,
að óþverra merki við bárum
Og syndin í hrúgum á hrygg mínum lá,
eg heyktist af bakverkjum sárum;
og það voru ótrúleg ósköp að sjá
hvað úr mér gat farið af tárum!“

„Eg hét að lesa alt sem er mér neyð,
og *aldrei* spyrja hvað mín löngun kjósi;
það guðsorð alt sem yrði á minni leið,
og eins sem mest af drottins þjóna hiósi.“

Það er einkennileg mynd þetta af fermingarbarni, og sjaldan sýnd í þessu ljósi— en sönn er hún, því „Lýðsiðfraðin“ hefir til þessa skoðað þann „bezt þenkjandi“, er fengið hefir óhug á lífinu, sem er virkilegastur fjandmaður „Gamla heims“, og skæltir bæði vel og lengi. Því gegnum margar þjáningar ber oss inn að ganga í guðsríki. Þessar *passívu* þjáningar, að

„kútbyltast og formæla sér.“

Þá er það dygð að vitja sjúkra. „Á spítalanum“ er því lýst, og þekkja það flestir.

Þá, að minsta kosti á vestur-Íslenzka vísu, er *trúin* engin ódygð í fari manna, og þetta er trúin.

„Við krosstréð í Eden er stofnunin stærst,
sá staður er dálítið fjarri,
en Legió þangað til leiðsögu fæst,
og *leikendur* þar ekki færri.

Þeir láta ekki negla sig, *leika* ekkert æst,
því *list* þeirra er fínni eða hærri;
þeir veðsama krossinn og kruuka sem næst,
en koma þó aldrei of nærri.

Og þarna er ávöxturinn í breytni.

„Eg vandi nú af mér þann óvanings brag;
en oft kom mér list sú í vanda,
að gera hvert hneyksli einsog guðsríki í hag
og göfgandi siðþrýðis anda;
og við fyndum aldrei það ágætislag,
þá ánægju og gagnsmuni að blanda,
ef við sæjum slíkt ekki dag eftir dag
til djarfari og leiknari handa.

En hérna er ávöxturinn í djörfung og jafnrétti.

„En ljótt var að sjá niðrí sorpunum hér
hjá svínbeygðum verklyð og snauðum;

mig furðaði' hann þeytti ekki því sem hann ber
 af þrælmensku, forsmán og nauðum;
 þeir reyndu ekki að hvíka eða ranka við sér,
 þó reitt væri af þeim eins og sauðum;
 þeir þakka það klakklaust í kistuna fer,
 sem kann að vera ætt á þeim dauðum!"

Svo er hérna sýnishornið af „helguninni“ eftir að
 „engar syndir gagnast fyrir lúa“, og eftir að
 „elli og sljófgun eða heljar bál,
 eða *cinhver hagsvön* lét mig fara að trúa. . .
 og Guð á sína sveit oss alla tekur,
 sem Satan út á hreppinn slitna rekur. . . .

og Menn fá sér þar umskurn og iðrunarbað,
 og Þá skolar ein líkræða lífið þitt hreint,
 þú legst þar sem valmenni niður.“

Ýmsir þykjast lesa úr þessum orðum hans og ótal fleiri um
 um margvíslega hegðun manna, að skáldið beri óvild og hatur
 til manna. Það fáum vér alls ekki séð, og þótt vér þekkjum
 Þorstein alls ekki neitt, er oss til efs, að nokkrum sé hlýrra til
 allra manna jafnt en honum. Enginn, sém hatar menn, getur
 fundið til með þeim. Aðrir segja hann kenni lausung. Það
 hefir líka gengið sá dómur um Ibsen meðal fjölda enskra miðl-
 ungs manna. Vér teljum víst, að Þorst. óski alls ekki eftir, að
 setja upp Munklífi á Íslandi, en það, að hann fari með lausung-
 arprédikun, er engu meiri hæfa, en ef slíkt væri sagt um Galí-
 leann, út af sögunni í Jóh. 8. Hann kastar ekki steinum, fer
 ekki í grjótkast. Skoðanir hans gjöra sig ekki ánægðar með
 ytra áferði siðferðisins. Fjöldinn sér þó að eins það ytra. Væri
 öldin hans komin, skildum vér öll afstöðu hans miklu betur.
 Menn skoða ýmislegt rétt að eins fyrir vana sakir. Þorsteinn
 ann því ekki, að siðameistararnir séu sjálfkjörnir úr hópi hefð-
 arfrúnna og hæruskotnu heiðursmannanna, er orðnir eru prúðir
 af fóthelti og taugabilun, og aðeins neyta lítils víns vegna maga-
 síns og síns jafnaðarlega heilsubrests, eins og Tímóteus. Get-
 ur nokkur láð það, þótt hann trúði illa þesskonar siðabót?

Mannlífið og menningarbaráttan er yrkisefni Þorsteins, og náðarmeðölin eru ekki sakramenti og postillulestur, föstur og bænahald, auðmýkt og undirgefni, heldur mannskapur, frelsi, réttlæti og sannleikur. Að hinu gjörir hann gaman. Mannskapurinn fyrst, og þess vegna leggur hann svo ríkt á, að fá breytt dómgildi „Lýðsiðfræðinnar.“

Sem jafnréttismaður ræðst hann á stéttamuninn, kyrkjuaðgang, þurfagjafir, fátækralög, en í nafni frelsis og sannleika, á flaður, siðgæði og trú bygð á þrælsóttu, falsspár, sjónhverfingar og heimsku. „Lýðsiðfræðin“ segir, „betri er þrælsótti en enginn ótti“, Þorsteinn segir, „sannleikann fyrir sannleikans skuld.“

Allflest af þessu beitir hann háði, enda hæðir hann allra manna best. Háðið er arfur vor Íslendinga frá feðrunum, og það nær sinni fullkomnun hjá Þorsteini, sinni engilmynd og guðadýrð. Sem dæmi úr „Steindepilsljóðum“:

„Eg sá stórskáldið lesa sín ljóð—
eins og ljómandi hani það stóð.
Það var hljóð, það var hljóð,
og það hvarf eins og hljóð,
og þau hrifu ekki in ágætu ljóð.“

Eða þá stéttamuninn í „Vestmenn“, „Ljónið gamla“ og „Jörundur.“

„Eg hæði ekki drottinn þitt veglega verk,
en vel gat það orðið til meins,
að valdsmann og böðul og kotung og klerk
og kónginn þú skapaðir eins;
því ef að úr buxunum fógetinn fer
og frakkanum svolitla stund,
þá má ekki greina hver maðurinn er.—
Ó, mikið er skraddarans pund!“

Tómleika kongatilbeiðslunnar hefir enginn lýst jafn snildarlega.

„Svo lagði hann þar af sér sinn kónglega kjól,
og kvenfólkið sá inn um gat,
að öðling var horfinn en eftir á slól
þar óbreyttur Jörundur sat.“

Þá fær þrælsóttinn sitt, og eru það helzt Nesjamenn, sem

verða fyrir því, í þessa sama ágætis kvæði. Og „Bæn Fariseans“ hendir ómeiðlaust gaman að kyrkjuaganum, sem og víðar er gjört í bókinni.

„Bókin mín“ er eitt alvarlegasta kvæðið og fegursta. Enda er efnið næsta alvarlegt, og nauðast mun nokkur geta kvæðið það kvæði, og enn síður metið það né skilið, er lætur sig líku gilda um sannleik og lýgi.

Þeirri öld og því þjóðlífi, er skáldið vill leiða yfir heiminn, er bezt lýst í kvæðinu „Brautin“. Það er friðarríki eins og fyrrum. „Herópið sannleiki og friður“, eins og hann segir í afmælisvísunum til Björnsons,

„... þar sannleiki ríkir og jöfnuður býr
og syngur þar hósanna saman.
... því hann er þá kominn til valda,
sem engann vill neyða, sem öllum er kær,
sem elskar hvert hjarta sem lifandi slær,
og þarf ekki á Helvíti að halda.“

Þá er gjört nýtt mat á hlutunum, því manndómurinn er þá kominn til sinna óðala, og

„hver maður þorir að þekkja sinn skjöld“,
og hlutirnir eru nefndir sínum réttu nöfnum.

„... Hver maður segir að þýið sé þý
og þarf ekki að bannfærast kyrkjunum í,
né hengjast að hegningar lögum.“

En skáldið veit að þessi öld á langt í land, og hann býst við, að vér munum öll „smakka á dauða“, áður en svo er komið, en ekki veldur það honum áhyggju, og fagnar hann eins fyrir því tilkomu hennar, er hann sér handvissa. Hann hefir drengskap til að sá, þótt hann ekki uppskeri, gróðursetja, þótt hann eti ekki af ávöxtunum.

„Brautin“ snýr alveg við sýnum Jóhannesar á Patmos. Konan og dýrið no. 666 steypast, en það eru þau hjónaleysin kreddutrú og konungur, þegar fólkið

„... kallar sitt föðurland viðstöðulaust
af harðstjórum himins og jarðar.“

Fyndni og gamansemi skáldsins er frábær og hin sannasta snild. Mætti benda á, auk sumra sem áður eru nefnd, kvæðin „Kveðja“ og kvæði er hann orti fyrir þá Austfirðinga fyrir eitt-hvert samsæti á Seyðisfirði, en sem hann því miður hefir ekki tekið upp í bókina.

Vér endurtökum það enn, Þorsteinn flytur nýjan boðskap, er hin eldri skáld tæplega kunna. Boðskapur hans viðkemur öllum mönnum. Sjón hans er glögg á tapi og ávinningi mannlegrar baráttu. Um lífsbaráttuna fer hann engum líkingar orðum. Hann finnur skoðunum sínum nægilegar lýsingar á lifandi orðum mannlegra tilfinninga. Hann er því líka að sjálfsgöðu vort mesta kraftaskáld.

Öllum orðum hans fylgir skýr meining og sá sannfæringar kraftur, er enginn fær á móti staðist. Hann verður líka framtíðarinnar hugsjónskáld. Því á meðan vér náum ekki inn til fyrirheitna landsins, gagna oss bezt orð hans og brýningar.

Trú sína telur Þorsteinn alls enga, ef eftir vog vanans er mælt. Þó mun hann trúmeira og sigursælla skáld en fjöldi hinna, ef rétt er athugað, því hann trúir á *Réttlæti* og *Sannleika* hann trúir á *Framför mannkynsins áfram og uppá við að cilífu* og á *Framtíð föðurlands vors og þjóðar*. Fegurra Íslandskvæði en Aldamótakvæði hans hefir enginn kveðið. Hann festir ekki trú á hégiljum einum. Hann á í því sammerkt við fornmennt, að hann er óttalaus og ugglaus um alla goðagremi. Og ekki kennir hann bersögli sinna fyrri ljóða um jarðskjálftana á Suðurlandi, en miklu fremur virðist eins og víða örli á spurningu Snorra goða: „Um hvað reiddust goðin, þá er brann hraunið, er nú stöndum vér á?“

Margir telja með miklum drýgindum skoðanir Þorsteins algjört trúleysi, og þykjast slá þær um með því. En lítið græðir trúin við þá nafnagift. Séu þær algjört trúleysi, þess ver fyrir trúna.

Víða er Þorst. heima í trúfræðinni. Af kvæðum hans að dæma mun hann hafa lesið helzt alla Ritninguna, enda finnast á ýmsum stöðum hjá honum líkingar fagar og skáldlegar, þaðan dregnar. Hefir hið skáldlega fagra gripið huga hans þar,

engu síður en hið viðurstyggilega ljóta hefir vakið hjá honum óbeit og fyrirliþningu. Hann hefir kunnað þar að velja á milli flestum betur. Og þegar maður hugsar um hina fornu útmálun himnaríkis og hverir þar lendi, getur fáa furðað á vísunni í bréfinu til Friðriks á Hjalteyri.

„Það var lagt á þennan sand,
þegar hann reis úr ægi,
að þar fleyttist fátt í land,
og fæst af skárri tagi.“

* * *

Hvað sem öðru líður, eigum vér ekki hreinskilnari, hugdjarfari né betri leiðsögumann en hann. Og það er fyrir þá skuld, að vinsældir hans hjá allri alþýðu manna eru jafn miklar. Íslendingar kunna að meta hreystina og drengskapinn. Hún er gamall vinur frá feðranna tíð, og þeir þekkja hana og fagna henni hjá Þorst. sem gömlum vin frá landnámstíð. Þótt vér séum fæstir miklir hreystimenn nú, eru þó margir meiri bleyðimenn en Íslendingar.

Síðan kvæði Þorst. fóru fyrst að koma út í „Sunnanfara“ og „Eimreiðinni“, og eftir að menn náðu gleði sinni aftur, fór bráðlega að „kveða við annan tón“ hjá mörgum yngri skáldanna, unz nú er komið svo, að annaðhvert kvæði, sem út kemur, er að heilu eða hálfu leyti sótt til ljóða Þorsteins, bæði að efni og kveðanda. Sést á þessu, hve mjög stefna hans hefir náð sér niðri. Vafalaust veit allur fjöldi hagarðinganna ekki af því, að þeir eru að fara með Þorst., þegar þeir eru að kveða, en finnst sem eðlilegt er, að nú hafi sér tekist upp, þegar þeir eru búnir að koma „Örlög guðanna“, „Vestmenn“, eða „Braut-in“ í laglegan leir. Og þó ekki sé eingöngu litið til hagarðinganna, má fullyrða, að ýms beztu kvæði jafnvel eldri skáldanna, nú í seinri tíð, hefði tæplega verið kveðin eins, ef Þorst. hefði ekki kveðið áður. Sama mætti segja um sumt í óbundnu máli.


Væri kvæði þessi öll *viðbætir*, mættum vér fagna og vera glaðir. En að kveða hann upp aftur verður síður til fjár. Kvæði hans verða aldrei betur kveðin.

Eiríkur Gíslason.

Þegar aldir líða fram, ef sú stund nokkru sinni kemur þegar mál vort og þjóðerni er liðið undir lok hér fyrir vestan haf, og þegar hin kyrkjulega afstaða þessa bæjar er orðin öll önnur en nú er— og þess verður mikið skemur að bíða, þá standa fram og aftur á ýmsum götuhornum borgarinnar tíguleg hús, vígð og helgað hinum sanna guði— Unitarakyrkjur, eða hverju nafni sem þær nefnast þá. Fæstir renna grun í, hversu sú skoðun náði útbreiðslu hér, né hvenær hún byrjaði hér fyrst, skoða sem eðlilegt er, og sem kannske verður líka, að enskir forfeður hafi því svo ráðstafað börnum sínum til árs og friðar.

Fæsta grunar þá, að sú hreyfing hafi átt sína allra fyrstu og virkilegu byrjun á meðal fátækra útlendinga, er hingað fluttust á síðasta aldarfjórðungi 19. aldar frá landinu helga í Evrópu. Sögnin um hingaðkomu þeirra verður næstum öllum gleymd,— nema ef verða skyldi til minnis fáeinir letraðir steinar vestur í Brookside-grafreit, kunnir þá nokkur að lesa úr íslenzkum orðum, sem óvíst er, fyrst kunnátta sú er óðum að leggjast niður meðal hinna yngri manna.

Einn úr þessum fámenna hóp, er studdi þá hreyfingu í byrjun, var *Eiríkur Gíslason*, og fylgdi hann þeim málum af alúð, unz hann dó, tæplega hálf fertugur, löngu áður en æfin var öll, og löngu áður en hann mátti missast frá heimili sínu og félagsmálum vorum ýmsum.



EIRÍKUR GÍSLASON, 22. ÁRA.

Eiríkur Gíslason var fæddur 22. júní 1864 á Egilstöðum á Völlum í Suður-Múlasýslu. Í fæðurætt var hann norðlenzkur, sonur Gísla Jónssonar, en móðir hans var Jarðþrúður Halldórsdóttir, Einarssonar, kona Halldórs var Anna Þrúður Eiríksd., bónda á Egilsstöðum, og er sú ætt fjölmenn hér vestra. Árið 1883 fluttist Eiríkur með fólki sínu til Íslendingabygðarinnar í Dakota, en vorið eftir fór hann alfarinn hingað norður, og kvongaðist hér árið 1886 Önnu Margræti, dóttur Eyjólfssonar Guðmundssonar, ættuðum úr Þáskrúðsfirði, og konu hans Þórunnar Sigurðardóttur af hinni svonefndu Bétarætt. En þau Eyjólfur og Þórunn bjuggu lengst í Hlíðarseli í Hróarstungu, áður en þau fluttu til Nýja Íslands með börnum sínum sumarið 1878.

Eiríkur flutti suður til Dakota með konu sinni og bjó þar á annað ár skamt suðaustur af Akra pósthúsi, en hvarf þá hingað norður aftur, og bjó hér síðan til dauðadags.

Alls áttu þau hjón 7 börn og eru 4 þeirra á lífi. Þann 11. maí 1899 andaðist Eiríkur heitin úr lungnabólgu eftir 5 daga legu. Hann hafði kent lasleika í nokkra daga áður en veikin tók hann, en daginn áður sat hann við tafl niður í íþróttastofu taflfélagsins enska, er hann tilheyrði, þar til orðið var áliðið kvöld, en veður gekk í kulda um kvöldið. Lík hans var jarðsungið frá Unitara kyrkjunni, og fluttu ræður yfir honum vinur hans síra Magnús J. Skaftason, Einar Ólafsson og Alfred lögm. Andrews borgarstjóri Winnipegbæjar. Hann var jarðsettur í Brookside grafreit, þar sem flestir Ísl. hvíla. R. P.

*
Eiríkur Gíslason var sérkennilegur maður. Hver sem sá hann einu sinni, gat traúðla gleymt honum. Hann var stór maður föngulegur, fallega limaður, hvatlegur og karlmannlegur. Hann var ljóshærður með grá augu, fjörleg og greindarleg. Upplitið var djarflegt, glaðlegt og vinsamlegt. Alt fas hans vakti manni tiltrú til hans, enda var hann trúr og sannur vinur góðlyndur og viðkvæmur. Skapmikill var hann og kappsmaður í hvívetna, hvort heldur við dagleg störf eða í félagsmálum. Hann var íþróttamaður mikill. Hann æfði glímur og manntafl og stóð á sporði þeim færustu í þeim greinum. Hann var yfir

höfuð gleðimaður og félagslyndur. Hann var einn af stofnendum Skógarmannafélagsins meðal Íslendinga, og stóð í því til dauðadags. Hann var sömuleiðis einn af stofnendum Unítarafélagsskapparins hér. Átti Unítarafélagsskapurinn aldrei letti fylgismann en hann, meðan hans naut við.

Eiríkur heitinn var einn af stofnendum Aldarinnar og ráðsmaður Heimskringlu í ritstjórnartíð Jóns Ólafssonar, og einn af þeim, er kundu að meta gáfur og snild Jóns, sem óneitanlega er einn af allra snjöllustu Ísl. þessara tíma. Og það duldist Eiríki ekki, hvert gagn það hefði verið fyrir Vestur Íslendinga, að geta notið Jóns hér, og þá um leið hversu stór skaði það var, að missa hann hédan, og skömm sú verður seint gleymd á með- að nokkur lifir samtíðarmanna hans hér, hvernig farið var að rægja hann, og svíkja frá Heimskringlu. Sá blettur verður seint skafinn af þeim, er þar áttu hlut að máli. Og þann heiður á Eiríkur látinn, að hafa staðið eins og hetja við þá stefnu, er hann áleit réttasta og hollasta í hvaða máli sem var, og bar- átta hans lá að miklu leyti í samvinnu með Jóni Ólafssyni.

Eiríkur og kona hans tilheyrðu þeirri skoðanastefnu, sem nefnist á ensku máli „Radicalism“ (framsóknarstefnan),— og má rekja sögu þeirrar skoðunar meðal Ísl. til hins snjalla gáfumans Sigurbjarnar Stefánssonar. Og það voru þessir menn, sem tóku tveim höndum móti trúboði Unitara undir forustu Björns Péturssonar. Og það eru til þessa dags menn þessarar skoðunar með tiltölulega litlum undantekningum, sem harð- snúnastir og skynbærastir reynast liðsmenn Unítaramálefnisins, þegar á hólminn kemur. Áhrif manna sem Sigurbjarnar, Jóns Ólafssonar, Eiríks Gíslasonar, Einars Ólafssonar og ýmsra þeirra skoðanabræðra og systra munu lengi vara meðal Vestur- Íslendinga og reynast traustasti þátturinn í landfestum fram- farasnekkju vorrar hér og síðast slitna.

Þegar því er verið að minnast Eiríks Gíslasonar í únítarisku riti sem Heimi, þá er ekki hægt að ganga framhjá því, hvaða þýðingu lífsstarf hans hafði fyrir trúfrelsisbaráttuna hér.

Lyndiseinkunnir hans voru í fullu samræmi við lífsstefnu hans. Hann unni fegurð og frelsi, mannúð og réttlæti og hlaut

Því ávalt að leggja til sinn skerf atorku og vilja þeim megin, sem þau prinsíp var að finna. Hann var viðkvæmur í lund, og fann til með lítilmagnanum, hvort heldur það var maður eða dýr. Og yfir höfuð lifði hann eftir þeim siðareglum, sem góðum fríhyggjanda ber, að svo miklu leyti sem hægt er að koma því við í kristnu þjóðfélagi undir auðvaldsstjórn.

Hann var að eins leikmaður, uppallinn meðal bændafólks, og hafði lítill eða engin mentunar tækifæri. Og með tilliti til þess sér maður, hve vel hann hefir verið gefinn gáfnalega. Hann var skarpgreindur, fljótur að grípa og skilja og námsmaður hinn bezt. Heimili hans mátti heita skóli, um nokkurn tíma að minsta kosti, þar komu menn saman og ræddu og fræddu, og þar var ávalt eitthvað nýtt á seiði. Allar hinar nýrri skoðanir blómguðust þar og báru ávexti.

Það var söknuður stór að honum svona á unga aldri, og að það var almenn tilfinning, sýndi hinn fjölmenni hópur, er fylgdi honum til grafar. Slíkt atriði var þegjandi órækur vottur þess, hver skaði menn álitu að fráfalli hans. Almenn tilfinning lýg-ur ekki, ef hún er ekki afvega leidd, sem í þessu tilfelli var sannarlega ekki.

Það er ekki hægt að skrifa sögu Vestur-Íslendinga án þess, að geta Eiríks Gíslasonar.

S. B. Benediktsson.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.